



Til: Guðmundur Valur Stefánsson <valur.stefansson@mast.is>  
Efni: Re: Boð um að bæta við fyrri umsögn um skeldýrarækt í Skötufirði  
Upplýsingar: Sent: 22.01.2020 15:27:26 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2020010055, Málalyklar: 42-0 Umsagnir almennt

---

Tilvísun í mál: 2020010055

Vísað er til meðfylgjandi bréfs frá Matvælastofnun, dags. 17. janúar sl., til Náttúrufræðistofnunar Íslands þar sem gefinn er kostur á að gefa umsögn um erindi um skeldýrarækt sem áður var til umfjöllunar sbr. bréf frá Matvælastofnun dags. 8. desember 2017.

Náttúrufræðistofnun skilaði umsögn um erindið með bréfi/tölvupósti dagsettu 3. janúar 2018, sjá meðfylgjandi tölvupóst. Að því tilskyldu að um sömu umsókn er að ræða, þ.m.t. að óskað er eftir því að rækta krækling af viðkomandi svæði en ekki aðrar tegundir, gerir Náttúrufræðistofnun ekki frekari athugasemdir en koma fram í fyrri umsögn stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar



Til: mast@mast.is  
Efni: Umsögn vegna umsóknar um ræktunarleyfi til skeldýraræktunar í Skötufirði, Ísafjarðardjúpi.  
Upplýsingar: Sent: 03.01.2018 11:05:09 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017120008, Bréfalyklar: 42-0 Umsagnir almennt

---

Tilvísun í mál: 2017120008

Vísað er til bréfs frá Matvælastofnun, dags. 8. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Kristjáns Daðasonar um leyfi til að rækta allt að 10.000 tonn af krækling í Skötufirði, Ísafjarðardjúpi.

Í umsókninni kemur fram að fyrirhugað er að safna kræklingalirfum, bláskel, sem fyrir eru á svæðinu og rækta þær áfram á þar til gerðum búnaði, koltrefjaflekum með áföstum ræktunarlínunum. Gert er ráð fyrir að flekarnir verði í allt um 1200 talsins og þarf hver fleki um 20 m<sup>2</sup> en áfast við hvern fleka eru um 140 ræktunarlínur. Í allt er gert ráð fyrir að nota um 18-19 ha af hafsvæði undir ræktunina.

Þar sem um er að ræða áframeldi á dýrategund, innlend tegund, og sem fyrir er á svæðinu og auk þess ekki þörf á að fóðra kræklinginn gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við þann hluta af fyrirhugaðri ræktun. Þrátt fyrir að ekki þurfi að nota fóður þá falla til úrgangsefni og einnig losna skeljar frá eldinu. Uppsöfnun verður því á lífrænum efnum á hafsbótunum undir eldinu sem getur valdið breytingum á lífríki umhverfis það. Það er því mikilvægt að gerðar séu kröfur um mótvægisaðgerðir (t.d. grisjun á skeldýrum) og virkt mengunareftirlit í svo stóru eldi til að koma í veg fyrir röskun á lífríki eins og frekast er unnt. Engin umfjöllun er um mengun í umsókninni eða botndýralíf á ræktunarsvæðinu.

Í umsókninni er lítið sem ekkert fjallað um aðra notkun á hafsvæðinu í Ísafjarðardjúpi s.s. fyrirhugað

laxeldi í sjókvíum og hugsanlega víxlverkun þar á milli en þetta þarf einnig að skoða m.t.t. þess hvað mikla lífræna mengun Ísafjarðardjúp eða einstakir staðir þess þola.

Eftir því sem Náttúrufræðistofnun er kunnugt um er ekki mikil reynsla á að nota fleka við Ísland í kræklingarækt. Í umsókninni er engin greinargóð lýsing á ræktunarflekunum eða gæðum þeirra til að standast veðurfar hér á landi þ.m.t ísmyndun eða rekis.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Guðmundur Valur Stefánsson <valur.stefansson@mast.is>

Dags: 01/16/2020 03:29:02 PM

Til: Guðni Guðbergsson - Fiskistofa <gudni@fiskistofa.is>, "hafogvatn@hafogvatn.is" <hafogvatn@hafogvatn.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "os@os.is" <os@os.is>, "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "sudavik@sudavik.is" <sudavik@sudavik.is>

cc: Kristjan Dadason <kdadason@hotmail.com>, Dóra S. Gunnarsdóttir <dora.gunnarsdottir@mast.is>, Einar Thorlacius <einar.thorlacius@mast.is>

Efni: Boð um að bæta við fyrri umsögn um skeldýrarækt í Skötufirði

Ágæti umsagnaaðili.

Vísað er í bréf sem er hér í viðhengi „Boð um að bæta við fyrri umsögn um skeldýrarækt í Skötufirði“ og í bréf frá Matvælastofnun sem dagsett var 8.12.2017 „Beiðni um umsögn vegna umsóknar um ræktunarfleki til skeldýraræktunar“ sem sent var á alla þá aðila sem eru lögbundnir umsagnaaðilar samkvæmt 9. gr., laga um skeldýrarækt frá 2011.

Matvælastofnun sendir þessa beiðni á alla umsagnaraðila samtímis sem er í samræmi við 9.gr. stjórnsýslulaga sem fjallar um málshraða. „*þar sem leitað er umsagnar skal það gert við fyrstu hentugleika. Ef leita þarf eftir fleiri en einni umsögn skal það gert samtímis þar sem því verður við komið. Stjórnvald skal tiltaka fyrir hvaða tíma óskað er eftir að umsagnaraðili láti í té umsögn sína.*“

Frestur til að skila viðbótar umsögn er gefin til 28. janúar 2020 og ef svar berst ekki innan þess tíma er litið svo á að viðkomandi umsagnaraðili geri ekki frekari athugasemd við umrædda umsókn um ræktunarleyfi.

Með kveðju, / Best regards,

Guðmundur Valur Stefánsson  
Fagsviðsstjóri / Senior Officer  
Neytendavernd / Consumer protection



Matvælastofnun / Icelandic Food And Veterinary Authority

Asturvegur 64 – 800 Selfoss – Iceland

Sími/tel: (+354) 530 4800 – Fax : (+354) 530 4801 – [www.mast.is](http://www.mast.is)



Boð um að bæta við fyrri umsögn um skeldýrarækt í Skötufirði..docx